EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 8800 bréfasími: 511 1161
postur@evr.is evr.is

Alþýðusamband Íslands
bt. Gylfi Arinbjörnsson
Sætúni 1 (1. hæð)
105 Reykjavík

Reykjavík 18. júní 2010
Tilv.: EVR10060037/3.1

Þann 16. júlí sl. kvað Hæstiréttur upp dóma í málum nr. 92 og 153/2010 þar sem fjallað er um lögmæti gengisbundinna lána. Í málum komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að það væri í andstöðu við VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu (vaxtalög) að tengja lánasamninga við gengi erlendra gjaldmiðla og ógilti það ákvæði samningsins. Hæstiréttur tók hins vegar ekki afstöðu til þess hvaða endurgjald skuldaranum ber að inna ef hendi fyrir lánið, þ.e.a.s. hvaða vaxtafót skuli leggja til grundvallar í samningi aðila, eða eftir atvikum verðtryggingu. Við þessa niðurstöðu Hæstaréttar hefur skapast ákveðin réttaróvissa en ljóst er að dómarnir geta haft áhrif á fjölda samninga.

Í ljósi ofangreinds hefur efnahags- og viðskiptaráðuneytið ákveðið að leita eftir viðhorfum aðila til þess hvernig vinna megi úr þeirri stöðu sem upp er komin. Óskað er eftir að umsögnum verði skilað til ráðuneytisins fyrir **klukkan 14:00 mánudaginn 21. júní næstkomandi**.

Fyrir hönd ráðherra

Björn Rúnar Guðmundsson

Valgerður Rún Ben.
Valgerður Rún Benediktsdóttir